

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2014, fimmtudagurinn 11. desember, var haldinn 129. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.05. Viðstaddir voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon, Hulda Gísladóttir og Reynir Guðmundsson. Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði ritaði fundargerðina. Gestir fundarins voru: Ásta Olga Magnúsdóttir og Charlotte Böving frá Íbúasamtökum Vesturbæjar og Guðmundur Björnsson frá Skátafélaginu Ægisbúum. Einnig komu Guðrún S Hilmisdóttir og Margrét Sigurðardóttir frá Umhverfis- og skipulagssviði.

Petta gerðist:

1. Ósk um fjárhagsstyrk til Hverfisráðs frá Prýðisfélaginu Skildi og Íbúasamtökum Vesturbæjar: Hverfisráðið samþykkir að veita Skildi 30.000 kr. í styrk og Íbúasamtökum Vesturbæjar 45.000 kr. í styrk. Þess má geta að umræðan um styrki Hverfisráðs verður tekin upp á komandi ári.
2. Verkefnið Betri hverfi: Guðrún Hilmis og Margrét Sigurðardóttir frá USK fóru yfir þær tillögur sem bárust í verkefnið „Betri hverfi“. Hverfisráð ákvað að taka sér nokkra daga til að skoða tillögurnar, sem jafnframt fara svo í kosningu á komandi ári.
3. Erindi um Hringtorg á Suðurgötu við Þorragötu: Frestað til næsta fundar.
4. Önnur mál: Tillaga Sjálfstæðisflokksins

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarráð og umhverfis og -skipulagsráð að sjá til þess að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþrótt- og útivistarsvæði og að hún verði öll nýtt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

Afgreiðsla á tillögunni frestað.

Fundi slitið kl. 13.35

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Kjartan Magnússon
Reynir Guðmundsson

Marta Guðjónsdóttir
Hulda Gísladóttir